Fundur 26.10.2026 Margrét kona sem dó um 1945

Komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið.

Tala ég frá stjörnusambandsstöð, langa ævi hef ég verið á þessum hnetti, en er heilsufar mitt samt gott og get ég þó búist við því að skipta um hnött eftir ekki svo langan tíma, en erum við aðstoðuð við það, þannig að sem minnstur sársauki þurfi að fylgja því.

En fór ég af Íslandi á tuttugustu öldinni og varð mér loks að ósk minni þegar veglegar stjörnusambandsstöðvar tvær voru hér reistar í kristilegum anda, en hafði ég áður sótt kapellur þær sem við kristnir höfðum sótt á hnetti þessum, en snéri ég svo við kristninni bakinu nýlega og hef sögu af því að segja að reynt er að hindra framfarir í vídinda áttina hjá ykkur og öðrum og hugnaðist mér það ekki og var ég ævinlega leitandi í trúmálum og hafði ég kynnt mér Búddatrú og Íslam og ýmislegt fleira, en hélt í mína barnatrú.

Lentum við í því í stöð Biskupsins að komu þar mörg sambönd frá fólki á öðrum hnöttum sem hafði viljandi látið kvelja sig og pynta fyrir trúna og ofbauð mér það mjög og var sumt af því fólki reist til lífsins aftur, en átti það að vera tákn.

Í mér var þessi efi sem hjálpaði mér til baka og er ég enn þá tvístígandi í því hinn áttfaldi vegur Buddha boðar einnig þjáningar og endurlausn, en einnig bænir til Allah í Íslamskri trú, þannig að ekki hef ég ákveðið mig endanlega, en á ég einnig vini og kunningja veraldlegri vísindahyggju sem þið aðhyllist og Nýalsstefnan og eru það flestir á þessum hnetti, en hentar það ekki öllum.

Vildi ég gjarnan finna annan kristilegan hóp sem er mildilegri, en í millitíðinni hef ég forvitnast til að sækja fundi í þessari stóru stöð og hefur mér líkað sumt sem þar hefur komið fram, en ekki vil ég trúa því sem fram kemur um okkar gamla Drottinn.

En það er nú svo að hugsanalegt er að sumir á framlífs hnöttum kristninnar hafi orðið of öfgafullir, en ekki vil ég leggja dóm á það hverjir það eru, en stórkostlegt er það að á Íslandi framtíðarinnar á okkar hnetti, þar sem eru aðrir framliðnir lifendur, framliðnir jarðarbúar, skuli takast að lifa góðu lífi án trúar á Drottinn, en hélt ég að væri syndsamleg heiðni.

Var okkur sagt af því hvernig fólk lagði á sig þessar þjáningar fyrir trúna, en hefði Drottinn átt að fyrirgefa þeim áður en að því kom að þau atvik urðu og tel ég að því þurfi að leita til þeirra trúarhópa sem tigna Krist frekar en Jahve.

Hef ég átt góð samskipti við flesta á þessum hnetti og voru það mikil umskipti þegar þessar kristilegu stöðvar voru byggðar og miklar vonir byggðar við það, en hef ég frætt mig um það enn fremur að þegar hnöttur þessi breyttist úr frumlífs hnetti í framlífs hnött og þegar upprunalegt mannkyn fór að fjölga sér minna og fór að taka á móti aðkomnum og búnir að myndað hér mikla orku, þá var farið í það að bindast samtökum og reglugerðum fylgt og voru sumir friðsamir kristilegir framlífs hnettir, gyðinglegir sumuleiðis, inn í þeirri mynd og gerðust þeir atburðir með Fisher að hann uppgötvaði aðseturs staði Jahve og var það ekki talið mögulegt, þar sem þið vitið hvernig tölvurnar virka hjá ykkur, það eru ýmsar leiðir til að fela upplýsingar hjá okkur einnig.

Og átti eftir að sagna gögnum til að sannreyna það, en Fisher kunni að notfæra sér það og fannst það einsýnt hvar þessa hnetti væri að finna og hvernig unnt væri að ráðast þar til atlögu, var það ekki í samþykki allra hér á hnettinum, andspyrnu hreyfing og í kjölfarið komu hópar sem töldu að betra eftirlit þyrfti að vera með þessum málum og voru þar ekki allir sáttir við að fá þessa kristilegu stöð biskups, en ekki hefur Fisher fengist framseldur þar sem flókið er ástandið á þeim hnetti sem hann er staddur á og er hann varinn af öflugum hópum og náttúruleg skilyrði til að hindra sendingar, upplýsingar og annað.

En það verður forvitnilegt að fylgjast með því hvort meiri friður komist á ef hann verður framseldur til Drottins Jahve, en það veit ég ekki um, en gleðst ég yfir þeim árangri sem við Íslendingar höfum náð og má það þakka ýmsum hér á þessum hnetti.

Dó ég um nítjanhundruð, í stríðslok, íslendingur Margrét, get ekki haldið áfram að sinni.

Þakka ykkur fyrir góða áheyrn, verið þið sæl.

Já þakka þér fyrir komuna og vertu sæl.